



## LEIÐBEININGAR TIL STOFNANA UM ÚTFÆRSLU MENNTUNARÁKVÆÐIS ÚRSKURÐAR GERÐARDÓMS GAGNVART 18 STÉTTARFÉLÖGUM INNAN BHM, DAGS. 14. ÁGÚST 2015

Stjórnendur á stofnunum ríkisins standa nú frammi fyrir því verkefni að aðlaga núgildandi stofnanasamninga að þeim miðlægu lágmarkskröfum um mat á menntun sem er að finna í úrskurði gerðardóms gagnvart 18 stéttarfélögum innan BHM, dags. 14. ágúst 2015.

Að mati fjármála- og efnahagsráðuneytisins þarf við þá framkvæmd að horfa til þeirra forsendna sem gerðardómurinn byggir á, en ekki eingöngu þeirrar niðurstöðu sem sett er fram í úrskurðarorðum hans.

Af hálfu ráðuneytisins hafa forsendurnar því verið teknar saman og jafnframt eru settar fram leiðbeiningar ráðuneytisins um útfærslu úrskurðarins.

### Samantekt á aðdraganda og forsendum gerðardóms

- **Kröfur BHM í samningaviðræðunum voru sem hér segir:**

*Diplóma (30 - 120 ECTS einingar) jafngildi einu til tveimur þrepum.*

*Meistaragráða (90/120 ECTS einingar) umfram BS/BSc nám jafngildi tveimur launaflokkum.*

*Tvöfalt meistaránám, sem nýtist í starfi, jafngildi einum flokki.*

*Þá verði sett inn heimild til að launa fyrir doktorsgráðu (180 ECTS einingar hið minnsta) sem nýtist í starfi, með fjórum launaflokkum.*

### Tillaga sáttasemjara 10. júní sett fram undir formerkjum SNR:

- „Sérstaklega skal meta formlega framhaldsmenntun sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu og ekki er þegar metin við röðun starfsins. Menntunin þarf að nýtast í starfi og því miðað við að hún sé á fagsviði viðkomandi starfsmanns. Starfsmaður með 60 eininga (ECTS) viðbótarnám umfram BA/BS raðast að lágmarki einum launaflokki hærra en ella. Starfsmaður með meistaragráðu raðast að lágmarki tveimur launaflokkum hærra en ella og starfsmaður með doktorspróf að lágmarki þremur launaflokkum hærra en ella. Lengra formlegt grunnám skal metið með sambærilegum hætti.“

### Krafa SNR fyrir dómi 10. júlí

- „Sérstaklega skal meta formlega framhaldsmenntun sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu og ekki er þegar metin við grunnröðun starfsins. Menntunin þarf að nýtast í starfi og því miðað við að hún sé á fagsviði viðkomandi. Miða skal við að diplóma (60 einingar) leiði til hækkunar um 1 álagsþrep og meistaragráða leiði til hækkunar um 2 álagsþrep. Stytttra eða lengra formlegt nám skal metið með sambærilegum hætti“

## Rök gerðardóms

- „Gerðardómur telur rétt að taka til greina kröfu BHM-félaganna, um að í 11. grein kjarasamninganna verði sett lágmarksákvæði um það hvernig viðbótarmenntun skuli metin til launa. Í því efni telur gerðardómurinn rétt að fara eftir tillögu SNR frá 10. júlí s.l. en ekki tillögunni frá 10. júní, með þeirri breytingu þó að í stað þess að diplóma (60 einingar) leiði til hækkunar um 1 þrep, eins og SNR bauð, þá skuli hækkunin vera 2 álagsþrep fyrir diplómu og að meistaraþáttur leiði til hækkunar um 4 þrep en ekki 2 þrep eins og SNR bauð og doktorsnám eða sambærileg gráða um 6 þrep. Sérreglur gilda þó um FÍN, sbr. hér að neðan. Styttra formlegt nám skuli metið með sambærilegum hætti. Þessi útfærsla leiðir til nánast sömu niðurstöðu launalega fyrir viðkomandi launþega og leiddi af tilboði ríkisins frá 10. júní, en riðlar ekki þeirri uppsetningu eða kerfi sem felst í hinum mismunandi þáttum sem metin eru annars vegar samkvæmt gr. 11.3.3.1 og hins vegar samkvæmt gr.11.3.3.2, eins og tilboðið frá 10. júní hefði gert, ef um það hefði verið gerður samningur.“(undirstrikun ráðuneytis)
- Í rökstuðningi gerðardóms segir líka:  
„Gerðardómur fellst á þau rök að það sé eðlileg krafa vinnuveitenda, hver sem hann er, að viðbótargreiðslur fyrir menntun skuli miðast við að hún nýtist starfsmanni til að rækja það starf sem hann er ráðinn til. Viðbótarmenntun á öðru fagsviði er góðra gjalda verð og eykur almennt hæfni starfsmanna, en er ólíklega sá eiginleiki eða kunnátta sem viðkomandi vinnuveitandi er að sækjast eftir við ráðningu starfsmannsins. Því fellst gerðardómur á að rétt sé og eðlilegt, að við röðun starfsins í launaflokka og þrep skv. þessu ákvæði skuli miða við að menntun sé á fagsviði viðkomandi launþega og nýtist honum í starfi.“(undirstrikun ráðuneytis)

## Túlkun og framkvæmd

Greinar 11.3.3.1 og 11.3.3.2 í úrskurðinum verður því að skoða í ljósi þess sem segir í framangreindum forsendum gerðardóms.

Við túlkun og framkvæmd verður að gera skýran greinarmun á því hvort formleg menntun umfram BA/BS er skilyrði fyrir því að gegna viðkomandi starfi eða ekki.

### Grein 11.3.3.1

*Dæmi um grunnmenntunarkröfur starfs og röðun í launaflokka:*

Auglýst er eftir sérfræðingi með BA/BS próf í ákveðnu fagi þá raðast það starf í grunnflokk sérfræðings samkvæmt viðkomandi stofnanasamningi.

Ef gerð er krafa um diplómanám eða sambærilegt nám sem leiðir til formlegra starfsréttinda þá raðast starfið einum launaflokki ofar en grunnflokkurinn.

Ef gerð er krafa um MA/MS próf þá raðast starfið tveimur launaflokkum ofar en grunnflokkurinn.

Ef gerð er krafa um doktorspróf þá raðast starfið þremur launaflokkum ofar en grunnflokkurinn.

**Niðurstaðan er að einungis er tekið mið af hæstu prófgráðu sem krafist er vegna viðkomandi starfs.**

<b>Starf sérfræðings</b>	<b>Launaflokkur</b>
Lágmarkskrafa BA/BS	X
Lágmarkskrafa BA/BS + réttindi/diplóma 60 ECTS	X+1 flokkur
Lágmarkskrafa MA/MS	X+2 flokkar
Lágmarkskrafa doktorspróf	X+3 flokkar

### **Grein 11.3.3.2**

Persónubundnir þættir sem varða mat á menntun til álagsþrepa:

Formleg framhaldsmenntun umfram grunnkröfur starfs. Niðurstaða gerðardómsins er að meta skuli formlega framhaldsmenntun, sem ekki er forsenda starfsins og launaflokkaröðunar þess, í álagsþrepum en ekki launaflokkum. Dómurinn setur að öðru leyti fram sömu aðferðafræði og í 11.3.3.1, að því tilskyldu að framhaldsmenntunin nýtist í starfi og sé á fagsviði viðkomandi.

Sérstaklega skal áréttað að ekki er gert ráð fyrir að metið sé nám sem ekki lýkur með diplómu en leiðir þó til formlegra starfsréttinda.

Mat á formlegri framhaldsmenntun til launahækkunar er alltaf háð mati stofnunar á því að **hún sé á fagsviði starfsmanns og nýtist honum til að rækja það starf sem hann er ráðinn til.**

Dæmi um mat á formlegri framhaldsmenntun og röðun í álagsþrep:

Ef starfsmaður hefur lokið diplóma **sem er á fagsviði viðkomandi og nýtist í starfi** þá leiðir það til hækkunar um tvö álagsþrep.

Ef starfsmaður hefur lokið MA/MS **sem er á fagsviði viðkomandi og nýtist í starfi** þá leiðir það til hækkunar um fjögur álagsþrep.

Ef starfsmaður hefur lokið doktorsnámi **sem er á fagsviði viðkomandi og nýtist í starfi** þá leiðir það til hækkunar um sex álagsþrep.

**Við mat á allri formlegri framhaldsmenntun umfram grunnkröfur til starfsins verða stofnanir sjálfar að meta hvort hún uppfylli bæði skilyrðin, að nýtast í starfi og að vera á fagsviði viðkomandi. Stofnanir þurfa því að meta grunnkröfur starfs hverju sinni og hvaða verkefnum starfsmaður sinnir til að ákveða hvers konar framhaldsmenntun nýtist starfsmanni til að rækja það starf sem hann er ráðinn til.**

Það mat er ekki auðvelt en í þeim efnum eru það tilmæli fjármála- og efnahagsráðuneytis að við slíkt mat verði beitt þeirri túlkun sem fram kemur í forsendum gerðardóms, þannig að ef minnsti vafi leiki á því að framhaldsmenntunin uppfylli bæði skilyrðin að þá verði hún ekki metin sérstaklega til launa. Framhaldsmenntunin þarf að uppfylla **bæði** skilyrðin til að geta leitt til launabreytinga. Sérstaklega þarf að skoða tengsl fagsviðs og þverfaglegs diplóma eða meistaranáms svo sem í verkefnastjórnun, mannauðsstjórnun eða opinberri stjórnarsýslu svo nokkur dæmi séu nefnd.

Við mat á framhaldsmenntun, umfram þær kröfur til menntunar sem gerðar eru við grunnröðun, verður líka að horfa til þess hvort við mat á grunnröðun hafi verið tekið tillit til viðbótarmenntunar. Ef t.d. gerð er krafa um MA/MS próf við grunnröðun en starfsmaður er að auki með doktorspróf sem bæði nýtist í starfi og er á fagsviði hans þá myndi hann fá tveggja álagsþrepa hækkun en ekki sex álagsþrepa eins og ef grunnröðun starfs hefði verið BA/BS. Þannig þarf alltaf að horfa á hvoru tveggja, hvaða grunnkröfur eru gerðar og hvað er metið til viðbótar umfram þær (sjá nánari útfærslu í fylgiskjali).

**Við gerð nýs stofnanasamnings þarf sérstaklega að horfa til þess hvernig viðbótarmenntun var metin í eldri stofnanasamningi.**

Í öllum eldri stofnanasamningum eru ákvæði um hvernig meta skuli persónubundna þætti, bæði þá sem teljast tímabundnir, s.s. aukið álag eða viðbótar verkefni, og þá sem eru varanlegir. Til varanlegra persónubundinna þátta telst viðbótarmenntun sem nýtist í starfi. Í flestum tilvikum hefur verið umbunað fyrir viðbótarmenntun með álagsþrepum en í einhverjum tilvikum launaflokkum. Þegar starfsmönnum verður raðað í launaflokka og þrep samkvæmt nýjum stofnanasamningi þarf því að tryggja að búið sé að taka tillit til þeirra álagsþrepa/flokka sem starfmenn hafa þegar fengið vegna viðbótarmenntunar þannig að ekki sé verið að greiða aftur fyrir sömu menntunina. Oft á tíðum hefur þetta ekki verið skráð sérstaklega og í slíkum tilvikum þarf stofnun að rekja launaþróun viðkomandi starfsmanns og hvort tekið hafi verið tillit til viðbótarmenntunar strax við ráðningu eða á síðari stigum.

Dæmi:

Sérfræðingur þar sem krafan er BA/BS og grunnröðun launaflokkur X

Viðkomandi sérfræðingur er með meistaragráðu í sínu fagi og samkvæmt eldri stofnanasamningi fær hann 2 álagsþrep. Samkvæmt úrskurði gerðardóms á hann að fá 4 álagsþrep sem þýðir hækkun um 5%, þ.e. 2 álagsþrep til viðbótar við þau sem áður höfðu verið metin.

Sérfræðingur þar sem krafan er BA/BS og grunnröðun launaflokkur X

Viðkomandi sérfræðingur er með meistaragráðu í sínu fagi og samkvæmt eldri stofnanasamningi fær hann 2 launaflokka fyrir meistaragráðuna. Samkvæmt úrskurði gerðardóms á hann að fá 4 álagsþrep sem er sambærilegt við 2 launaflokka og því hækkar viðkomandi ekki í launum, en breyta þarf röðun hans þannig að hann lækkar um tvo launaflokka en fær fjögur álagsþrep.

Sérfræðingur þar sem krafan er MA/MS og grunnröðun launaflokkur X

Viðkomandi sérfræðingur er með diplóma sem nýtist í starfinu og fékk skv. eldri stofnanasamningi eitt álagsþrep fyrir þá menntun. Þar sem sú menntun sem krafist er til grunnröðunar starfsins er hærri en diplóma þá ryður hún í burtu lægri prófgráðu og laun viðkomandi breytast því ekki, en í reynd er honum raðað einu álagsþrepi of hátt og þarf því að taka tillit til þess næst þegar endurmeta á launaröðun hans.

Stofnanir verða í þeirri vinnu sem framundan er að hafa í huga að það sem sett er fram hér eru þær lágmarkskröfur sem stofnanir verða að uppfylla samkvæmt úrskurði gerðardóms. Almennt hafa stofnanir nú þegar metið menntun til launa, hvort heldur sem er til grunnlaunaröðunar starfs eða við mat á persónubundnum þáttum starfsmanns og verður að taka tillit til þess við þessa vinnu.

Telji stofnun ástæðu til að meta viðbótar- eða framhaldsmenntun rýmilegar en hér er gengið út frá er henni það í sjálfsvald sett en það fjármagn sem hún hefur til ráðstöfunar eykst ekkert við það.

## Fylgiskjal 1

Greinar 11.3.3.1 og 11.3.3.2 samkvæmt úrskurði gerðardóms:

**11.3.3.1 Röðun starfs.** Röðun miðist við að um viðvarandi/stöðugt verksvið sé að ræða og skulu skilgreiningar starfaflokkunar Hagstofunnar (nú ÍSTARF95, 2. útgáfa) hafðar til hliðsjónar. Þar skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og ábyrgð (svo sem stjórnun) sem í starfinu felast auk þeirrar færni (menntun/kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Þá skal litið til þess hvar tiltekið starf er staðsett innan skipurits stofnunar eða annars formlegs starfsskipulags.

Ef gerð er krafa um viðbótarmenntun umfram grunnmenntun (BA/BS) í starfslýsingu skal tekið tillit til þess við grunnröðun starfs í launaflokk sem hér segir:

Starf sem gerir kröfu um 60 eininga (ECTS) viðbótarnám raðast að lágmarki einum launaflokki hærra en starf þar sem einungis er krafist grunnmenntunar og sé gerð krafa um meistaragráðu skal slíkt starf raðast að lágmarki 2 launaflokkum hærra sbr. upptalningu hér að neðan:

- Diplóma eða sambærilegt nám sem leiðir til formlegra starfsréttinda (60 einingar = 1 launaflokkur).
- Meistaragráða (90 - 120 einingar) = 2 launaflokkar.
- Doktors- eða sambærileg gráða (180 einingar) = 3 launaflokkar.

Lengra formlegt grunnnám skal metið með sambærilegum hætti.

**11.3.3.2 Persónubundnir þættir.** (Hjá öðrum en Félagi íslenskra náttúrufræðinga): Álagsþrep fyrir persónubundna þætti eru varanleg enda umbun fyrir t.d. kunnáttu eða reynslu viðkomandi starfsmanns. Dæmi um persónubundna þætti:

- Sérstök þekking eða færni sem nýtist í starfi, þar með talin sérstök fagreynsla sem gerir starfsmann verðmætari í starfi.
- Markaðsálag eða eftirspurnarálag.
- Starfsaldur hjá stofnun (umbun fyrir tryggð við stofnun) eða sambærilegum stofnunum (umbun fyrir yfirfærslu þekkingar eða vinnubragða).

Sérstaklega skal meta formlega framhaldsmenntun sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu og ekki er þegar metin við grunnröðun starfsins. Menntunin þarf að nýtast í starfi og því miðað við að hún sé á fagsviði viðkomandi. Miða skal við að diplóma (60 einingar) leiði til hækkunar um 2 álagsþrep, meistaragráða leiði til hækkunar um 4 álagsþrep og doktors- eða sambærileg gráða til hækkunar um 6 álagsþrep. Styttra formlegt nám skal metið með sambærilegum hætti.

Hjá Félagi íslenskra náttúrufræðinga:

Sérstaklega skal meta formlega framhaldsmenntun sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu og ekki er þegar metin við grunnröðun starfsins. Menntunin þarf að nýtast í starfi og því miðað við að hún sé á fagsviði viðkomandi. Miða skal við að diplóma (60 einingar) leiði til hækkunar um 2 launaflokka, meistaragráða leiði til hækkunar um 4 launaflokka og doktors- eða sambærileg gráða til hækkunar um 6 launaflokka. Styttra formlegt nám skal metið með sambærilegum hætti.

Fylgiskjal 2				Grunnröðun x skv.11.3.3.1	Röðun skv. 11.3.3.2
Lágmarkskrafa	Framhaldsmenntun	Nýttist í starfi	Á fagsviði	Launaflokkur	Prep
BA/BS	Diplóma	já	já	x	2 þrep
BA/BS	Diplóma	nei	nei	x	
BA/BS	Diplóma	já	nei	x	
BA/BS	Diplóma	nei	já	x	
BA/BS	Meistaragráða	já	já	x	4 þrep
BA/BS	Meistaragráða	nei	nei	x	
BA/BS	Meistaragráða	já	nei	x	
BA/BS	Meistaragráða	nei	já	x	
BA/BS	Doktors- eða sambærileg gráða	já	já	x	6 þrep
BA/BS	Doktors- eða sambærileg gráða	nei	nei	x	
BA/BS	Doktors- eða sambærileg gráða	já	nei	x	
BA/BS	Doktors- eða sambærileg gráða	nei	já	x	
BA/BS + diplóma	Diplóma	já	já	x + 1 lfl	2 þrep
BA/BS + diplóma	Diplóma	nei	nei	x + 1 lfl	
BA/BS + diplóma	Diplóma	já	nei	x + 1 lfl	
BA/BS + diplóma	Diplóma	nei	já	x + 1 lfl	
BA/BS + diplóma	Meistaragráða	já	já	x + 1 lfl	4 þrep
BA/BS + diplóma	Meistaragráða	nei	nei	x + 1 lfl	
BA/BS + diplóma	Meistaragráða	já	nei	x + 1 lfl	
BA/BS + diplóma	Meistaragráða	nei	já	x + 1 lfl	
BA/BS + diplóma	Doktors- eða sambærileg gráða	já	já	x + 1 lfl	2 þrep
BA/BS + diplóma	Doktors- eða sambærileg gráða	nei	nei	x + 1 lfl	
BA/BS + diplóma	Doktors- eða sambærileg gráða	já	nei	x + 1 lfl	
BA/BS + diplóma	Doktors- eða sambærileg gráða	nei	já	x + 1 lfl	
MA/MS	Diplóma	já	já	x + 2 lfl.	2 þrep
MA/MS	Diplóma	nei	nei	x + 2 lfl.	
MA/MS	Diplóma	já	nei	x + 2 lfl.	
MA/MS	Diplóma	nei	já	x + 2 lfl.	
MA/MS	Meistaragráða	já	já	x + 2 lfl.	
MA/MS	Meistaragráða	nei	nei	x + 2 lfl.	
MA/MS	Meistaragráða	já	nei	x + 2 lfl.	
MA/MS	Meistaragráða	nei	já	x + 2 lfl.	
MA/MS	Doktors- eða sambærileg gráða	já	já	x + 2 lfl.	
MA/MS	Doktors- eða sambærileg gráða	nei	nei	x + 2 lfl.	
MA/MS	Doktors- eða sambærileg gráða	já	nei	x + 2 lfl.	
MA/MS	Doktors- eða sambærileg gráða	nei	já	x + 2 lfl.	
Doktorspróf	Diplóma	já	já	x + 3 lfl	
Doktorspróf	Diplóma	nei	nei	x + 3 lfl	
Doktorspróf	Diplóma	já	nei	x + 3 lfl	
Doktorspróf	Diplóma	nei	já	x + 3 lfl	
Doktorspróf	Meistaragráða	já	já	x + 3 lfl	
Doktorspróf	Meistaragráða	nei	nei	x + 3 lfl	
Doktorspróf	Meistaragráða	já	nei	x + 3 lfl	
Doktorspróf	Meistaragráða	nei	já	x + 3 lfl	
Doktorspróf	Doktors- eða sambærileg gráða	já	já	x + 3 lfl	
Doktorspróf	Doktors- eða sambærileg gráða	nei	nei	x + 3 lfl	
Doktorspróf	Doktors- eða sambærileg gráða	já	nei	x + 3 lfl	
Doktorspróf	Doktors- eða sambærileg gráða	nei	já	x + 3 lfl	